



## Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar 2018 - 2022

### *Inngangur*

Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins.

Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Kynin skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar tekur ekki aðeins á jafnrétti milli kynjanna heldur jafnrétti fyrir alla. Í henni kemur fram vilji bæjaryfirvalda til að skapa sem best skilyrði fyrir alla íbúa Fjarðabyggðar.

Í allri starfsemi bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttisstefnunni. Hvert svið ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni verkefna. Þannig er stefnt að því að samþætta jafnréttissjónarmið í öllu starfi innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið Fjarðabyggð leggur metnað í að  **tryggja íbúum af öllum kynjum jöfn áhrif, tækifæri og virðingu** og gerir þá kröfu til kjörinna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og starfshópum, stjórnenda og annarra starfsmanna hjá sveitarfélaginu að þeir taki mið af stefnu þessari í störfum sínum fyrir sveitarfélagið. Jafnréttisstefnan tekur mið af hlutverki sveitarfélagsins sem vinnuveitanda.

Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar tekur mið af:

- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar
- Mannauðsstefnu Fjarðabyggðar
- Stefnu fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

### **I. Framkvæmd og umfang**

#### *1.1. Umfang*

Stefna þessi tekur annars vegar til stjórnkerfis Fjarðabyggðar og starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem veitt er bæjarbúum.

#### *1.2. Jafnréttisnefnd- umsjón með jafnréttismálum*

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar hefur með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 10/2008. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn Fjarðabyggðar í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og leggja fram tillögur til bæjarstjórnar að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttismál heyra undir fjölskyldusvið Fjarðabyggðar. Fjölskyldusvið er stofnunum og starfsmönnum sveitarfélagsins til aðstoðar í jafnréttismálum. ,

Félagsmálanefnd vinnur, ásamt félagsmálastjóra, að tillögugerð og undirbúningi stefnumótunar í jafnréttismálum innan Fjarðabyggðar og sér um framkvæmd jafnréttisstefnunnar. Enn fremur veitir hún nefndum, ráðum, stofnunum, sviðum og deildum sveitarfélagsins liðsinni í jafnréttismálum.

#### *1.3. Jafnréttisáætlanir deilda, sviða og stofnana*

Í upphafi hvers kjörtímabils skulu svið sveitarfélagsins gera aðgerðaáætlun í jafnréttismálum

120



fyrir starfsemina og eftir tilvikum stofnanir á þeirra ábyrgð. Þar komi fram hvernig unnið verði á grundvelli jafnréttisstefnunnar og hvaða aðgerðir séu fyrirhugðar í þeim tilgangi. Félagsmálanefnd kallar eftir aðgerðaráætlunum sviða í lok árs nýs kjörtímabils.

#### 1.4. Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir, ráð stjórnir og starfhópa á vegum sveitarfélagsins skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust. Stjórnmalaflokkum ber að hafa þetta ákvæði að leiðarljósi þegar settar eru fram tillögur um fulltrúa í nefndir, ráð, stjórnir og starfhópa og taka mið af 15.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og 2.tl. 44.gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.

Við ákvarðanir og stefnumörkun hjá sveitarfélaginu ber að huga að kynjasamþættingu.

## II. Stjórnkerfi og mannauðsstefna

### 2.1. Auglýsingar og ráðningar

Fyrirkomulag ráðninga hjá sveitarfélaginu fer eftir mannauðsstefnu. Starfsauglýsingar skulu taka mið af því að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna. Auglýsa ber stöður með hliðsjón af jöfnun kynjahlutfalls með því að hvetja bæði kynin til að sækja um. Þegar ráða á í störf innan bæjarkerfisins verði unnið að því að jafna hlut kynjanna. Jafnréttissjónarmið skulu metin í ráðningarferli. Lögð verði áhersla á að störf flokkist ekki í kvenna- eða karlastörf og skulu atvinnuauglýsingar vera kynhlutlausar sé þess kostur.

Starfsheiti geta eftir atvikum verið hvort heldur er karlkyns eða kvenkyns og skulu birtast þannig í skipuriti sveitarfélagsins.

Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur.

Þess skal gætt að ungmenni af öllum kynjum hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

### 2.2. Starfsaðstæður og kjör

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Gæta skal þess að kynin njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna og er í því sambandi vísað til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þar sem fram kemur í 25. gr.: „Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns“. Við ákvörðun launa og fríðinda skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað, sbr. 1.mgr. 19. gr. laganna. Í því sambandi skal sérstaklega leitast við að meta jafnt reynslu og menntun kynjanna.

Starfsfólk Fjarðabyggðar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma þar sem því verður við komið í samræmi við mannauðsstefnu. Þannig skal starfsfólki gert auðvelt að samræma starf og fjölskylduábyrgð. Starfsmönnum er gert kleift að sinna fjölskylduhlutverki óháð kyni, t.d. að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, eins og umönnun veikra barna og annarra nákominna og skulu karlar hvattir til töku fæðingarorlofs til jafns við konur.



Yfirmenn stofnana Fjarðabyggðar skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.

### III. Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í endurmenntun starfsmanna og skal koma fram í starfsþróunaráætlunum. Nýta skal samþættingu á sem flestum sviðum. Samþætting felur í sér að flétta sjónarhorn beggja kynja inn í alla stefnumótun innan samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna og gera starfsmönnum kleift að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf.

Fylgjast skal með endurmenntun starfsmanna og skulu stjórnendur beita sér fyrir því að möguleikar séu fyrir hendi sem geti aukið tækifæri kynjanna til atvinnu og menntunar.

*3.1. Jafnréttisráðgjöf til starfsmanna* Starfsmönnum og stjórnendum í sveitarfélaginu skal standa til boða aðstoð fjölskyldusviðs/stjórnsýslu- og þjónustusviðs í jafnréttismálum. Þetta á eftir atvikum bæði við um störf og starfsaðstæður, s.s. samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna á vinnustað.

#### *3.2. Jafnréttisráðgjöf til bæjarbúa*

Fjölskyldusvið skal veita íbúum Fjarðabyggðar ráðgjöf í jafnréttismálum, sé eftir því leitað. Ef einstaklingur eða hópur telur sér mismunað m.t.t. kynferðis, skal veita viðkomandi aðstoð/ráðgjöf við að leita réttar síns, þar á meðal leiðbeiningar varðandi kærur til kærunefndar jafnréttismála.

#### *3.3. Jafnréttisfræðsla í skólum*

Fræðslu- og frístundastofnanir Fjarðabyggðar vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu fyrir hvert öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

Leik- og grunnskólar Fjarðabyggðar vinna jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun fyrir hvert skólaár.

Lögð er áhersla á að starfsmenn fái þjálfun í að undirbúa nemendur af báðum kynjum undir einkalíf, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf í samfélaginu.

Í þessu skyni er því beint til skólastjórnenda að sjá til þess að:

- Námsefni mismuni ekki kynjum
- Náms- og starfsfræðsla verði sinnt á síðari stigum grunnskóla
- Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hlutur námsins á öllum skólastigum
- Skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.

Allt starfsfólk Fjarðabyggðar, þar sem uppeldisstarf fer fram, eins og á leikskólum, í skólum, vinnuskóla, félagsmiðstöðvum og íþróttahúsum, ber að hafa jafnréttisjónarmið að leiðarljósi.

#### *3.3.1. Íþrótt-, forvarna- og tómstundamál*

Íþrótt- og tómstundanevni skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og íþróttafélögin hvött til hins sama. Kynin sitji jafnt að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Kanna þarf sérstaklega brottfall unglinga úr hefðbundnum íþróttagreinum

KDÞ



og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur. Komi í ljós að fyrirkomulag starfsemi sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta og hrinda þeim í framkvæmd í samstarfi við fjölskyldusvið.

#### IV. Kynning á stefnunni

Jafnréttisstefna þessi, sem og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, skulu kynnt stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Eftir samþykkt stefnunarinnar skal hún kynnt bæjarbúum, stofnunum, stjórnvöldum, stéttarfélögum og öllum þeim sem vinna að jafnréttismálum.

#### V. Framkvæmdaáætlun

a. Jafnlaunaúttekt skal gerð á þriggja ára fresti, næst árið 2019. Ábyrgð: Stjórnsýslu- og þjónustusvið.

b. Stjórnendur sviða hjá sveitarfélaginu geri grein fyrir í starfsáætlun hvers árs hvernig þeir muni fylgja eftir ákvæðum jafnréttisstefnunnar á þeirra sviði. Ábyrgð: Sviðsstjórar.

c. Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar ber að fjalla á fundum sínum sérstaklega um jafnréttismál, a.m.k. tvisvar á ári, með það að markmiði að stefna um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga og að endurskoða jafnréttisáætlun í ljósi samfélagslegra breytinga ef tilefni þykir til. Ábyrgð: Félagsmálastjóri og formaður félagsmálanefndar.

d. Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar skal kalla eftir jafnréttisáætlunum innan stofnanna og sviða sveitarfélagsins að hausti og stöðumati að vori á hverju ári. Ábyrgð: Félagsmálastjóri.


e. Í reglum um heilsu og vinnuvernd verði sérstaklega fjallað forvirkar aðgerðir og viðbrögð við kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Endurskoðun reglna verði lokið fyrir lok júní 2019. Ábyrgð: Stjórnsýslu- og þjónustusvið.

f. Gert verði sálfélagslegt áhættumat í stofnunum Fjarðabyggðar sem tekur m.a. til kynbundins áreitis, kynferðislegri áreitni og - ofbeldi. Því skal lokið fyrir árslok 2021. Ábyrgð: Stjórnsýslu- og þjónustusvið.

#### VI. Endurskoðun

Jafnréttisstefnu þessi skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti og skal endurskoðun ávallt lokið fyrir árslok á fyrsta starfsári nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Fjarðabyggð 11. júní 2019

  
Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri

